

## Sjötti fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 13. mars 2013 kl. 9:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS  
Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Dagsetning aðalfundar

Aðalfundur Þekkingarseturs Suðurnesja verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl kl. 16:00.

#### 2. Ráðning sumarstarfsmanns

Fjórir umsækjendur eru um starf sumarstarfsmanns hjá Þekkingarsetrinu. Ákveðið að Sigrún og Sverrir taki viðtöl við þá vegna tengsla forstöðumanns við einn umsækjenda.

#### 3. Endurbætur á sýningarsölum

Tilboð í málingarvinnu á efri hæð kynnt. Ákveðið að sækja ráðgjöf frá sérfræðingi í uppsetningu sýninga áður en farið verður í framkvæmdirnar.

#### 4. Ráðstöfun eigna Sandgerðisbæjar úr Biolce verkefninu

Verkefnisstjórn Biolce hefur afhent Sandgerðisbæ ýmsan búnað og tæki sem tilheyrðu verkefninu. Sandgerðisbær afhendir Þekkingarsetrinu tækin og búnaðinn til notkunar og felur forstöðumanni að yfirfara lista með tækjum og tækjabúnaði. Þá óskar stjórn Botndýrarannsóknarverkefnisins eftir að geta fengið ef með þarf, afnot af smásjá sem er meðal tækjabúnaðar. Forstöðumaður Þekkingarseturs mun verða í sambandi við formann Botndýrarannsóknarverkefnisins vegna málsins.

#### 5. Stefnumótun

Unnið var að SVÓT greiningu og stefnumótun Þekkingarsetursins.

Fundi var slitið kl. 14:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Sigrún Árnadóttir - SIGN

---

Erla Ósk Pétursdóttir - SIGN

---

Gunnar Þór Hallgrímsson - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN